

# SUNNUDAGUR

# Morgunblaðið

Í STÓL  
RITSTJÓRA

AD LADA FRAM  
NYJAN MDGGA  
OLAFUR P. STEPHENSEN >> 10



SAMA  
SVEIFLAN

HARRISON FORD  
STOLTUR Í CANNES  
SÖGUMADUR FÓLKISINS >> 54



Magnaðar stundir  
í leikhúsinu  
Dagbók Önnu Frank >> 55

Leikhúsin í landinu

STOFNAD 1913 | 141. TBL. 96. ÁRG.

SUNNUDAGUR 25. MAÍ 2008

LANDSPRENT EHF. | mbl.is

## Saga um selkonu

SÓLVEIG Eggerz hefur sent frá sér sína fyrstu skáldsögu: Seal Woman, og hefur hlotið fyrir hana viðurkenningu rithöfundasambandsins í Maryland í Bandaríkjunum.



Sólveig Eggerz

Sagan gerist í Þýzkalandi, Póllandi og á Íslandi 1930-1959. Aðalsöguhetjan er þýzk kona, sem svarar auglýsingu íslensks bónda, fer til Íslands, giftist og eignast börn en fortíðin í Þýzkalandi lætur hana ekki í friði.

Í samtali við Morgunblaðið segir Sólveig að hún hafi kosið skáldsagnaformið til að lýsa því sem liggur ekki í augum uppi. Með sögunni vildi hún mála mynd af innra lífi konu sem fluttist til ókammugs lands og átti fullt í fangi með að gleyma fyrra lífi og beina huganum að heyskap og fjósverkum. | 28



## bækur

# Mynd af innra lífi einnar konu

Seal Woman heitir fyrsta skáldsaga Sólveigar Eggerz, er komin út vestanhafs og hefur þegar aflað höfundu sínum viðurkenningar rithöfundasambandsins í Maryland sem bezta byrjenda-verkið í skáldskap. Freysteinn Jóhannsson átti orðastað við Sólveigu.

Sólveig Eggerz hefur lengst af alið manninn erlendis, í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hún lank doktorsþrófi í bókmenntum frá kaþólska háskólanum í Washington, hefur unnið við blaðamennsku og bókmenntakennstu og býr nú í Alexandríu í Virginíu, þar sem hún kennir og skrifar. Sólveig á ekki langt að sækja skáldgáfuna. Faðir hennar, Pétur Eggerz sendiherra, sem hún tileinkar bókina, skrifaði sjö bækur, af hennar, Sigurður Eggerz forsætisráðgjafi, skrifaði leikrit, sögur og ljóð og langalangafi hennar, Friðrik Eggerz, skrifaði ævisögu sína. Það hlaut því að reka að því að Sólveig settist á skáldabekk.

Selkonan gerist í Þýskalandi, Póllandi og á Íslandi 1930-1959. Aðalpersónan Charlotte missir mann sinn, sem var gyðingur, í útrýmingarbygðum nazista og hún missir sjónar á barni þeirra, þegar nazistar teima kaþólskan klausturskóla, þar sem nunnur földu gyðingabörn undir arisku yfirskini. Hún ákveður þá að svara auglýsingu íslensks bónda; hraust kona óskast í sveit, fer til Íslands, giftist og eignast börn, en er með fortíðina í farangrinum og hún lætur hana ekki í friði.

– Af hverju færstu að skrifa skáldsögu?

„Ég hef verið að skrifa alla sévi, bæði smásögur og blaðgreinar. Stundu verður ekki lýst nema á óbeinan hátt og þá helst með aðferðum skáldsögunnar. Við mennirnir erum svo ósægjanlega flókni, svo margt sem skiptir máli sést ekki á yfirborðinu. Sálun býr yfir sínum eigin sannleika, sínum eigin veruleika, og harðar staðreyndir duga oft ekki til að lýsa leyndarþómun hennar.“

Eg kys að glíma við skáldsögu til þess að lýsa því sem liggur ekki í augum uppi; því sem er tor-skíð.“

– Og af hverju núna?

„Ég hef uppgötvað að það er mikiu skemmtilegra að skapa sögupersónur en að lýsa raunverulegu fólki. Svo er ég fyrst núna að skilja að oft er ekki aðeins að gengi að því sem við hugsum, skynjum og vitum. Kannski líkast vitund okkar borgarískja, þar sem aðeins lítil hluti sést á yfirborðinu, en stærsti hlutinn siglir undir haffletinum. Þessi veruleiki sem býr undir yfirborðinu segir meðal annars til sín í draumum og óþægilegum minningum, sem skjóta upp kollinum. Þeir sem hafa tekið þátt í stríði kannast við þetta fyrirbæri, hvernig hryllilegar myndir koma óvænt upp í hugann.“

Það má líta á undirnefnduina sem fjársjóð lítrika minnings eða geymslu fyrir martraðir, kannski



Morgunblaðið/Kristján Ingvárisson

Sagnskáld Sólveig Eggerz kys að glíma við skáldsöguna til að lýsa því sem liggur ekki í augum uppi.

frekar hið síðarnefnda, því þangað setjum við allt sem er óþæglegt, skammarlegt, ósemilegt eða óþraktískt. Að fást við þessa hluti í daglegu lífi myndi há okkur í lífs-baráttunni.“

## Sagan um selkonuna tók yfir í rithöfundabúðum

– Af hverju valdir þú þetta efni?

„Í þessari sögu eru samtvinnað ýmis áhugamál mín; örlog gyðinga í Þýskalandi, örtlog kvennanna sem komu til Íslands, íslensk náttúra og íslenskt sveitafí. Í mér á á hef ég lesið mör til um nálgönging og skrifað greinar um þá, einkun gyðinga í Þýskalandi fyrir og eftir stríði. Eins hef ég lesið mikið um tímabilið milli fyrri og seinni heimsstyrjaldar í Þýskalandi. Stjórnarfrýrkunulagð; Weimar-lýðveldið, einkendist af mikku frelsi á öllum sviðum, var blómstími fyrir tjáningarfrelsi og borgararéttindi gyðinga. Eg hef alltaf verið gagnaknif af miklum andstaðum þessa tímabils og Helfarinnar, sem átti sér stað stuttu seinna.“

En ferð þýzka kvenna til Íslands vakti fyrst áhuga minn 1997, þegar ég sá, ásamt íslenskum vinum mínum, kvikmynd efrir Einar Heiðsson, sem hét María. Hún fjallaði um unga þýzka konu

sem var ríðin á íslenskan sveitabæ, þar sem aðstaður voru frumstaðar, vinnan erfð og líkið um samræður.

Þýzku konunum, sem höfðu setzt að á Íslandi, fannst kvikmyndin of neikvæð í garð nýja landsins. En ég sá annað í myndinni. Fyrst sá ég það gífurlega menningaráfall, sem unga konan varð fyrir. Og þögnin, sem ríkti á bænnum, sló mig. Eg fór að ihuga áhrif hennar á manneskju, sem er nýsloppin úr hryllingri Þriðja ríkisins. Mig grunnaði að konur eins og María fengu aldrei tækifæri til þess að vinna úr minningum sínum.“

Einhver staðar geymdi ég þessa sögu, kannski í undirnefndu-vitundinni, þar til sumarið 2001. Þá var ég í rithöfundabúðum í Tennessee að glíma við aðra skáld sögu, þegar sagan um selkonuna kom til mín. Eg skrifaði upplastið á nokkrum dögum, en ég kláraði ekki söguna fyrr en 2003.

Eg fékk staðfestingu á grunminnum um þögnina, þegar ég í fyrriahaust reddi við Íslendinga

sem unni í sömu sveit og sumar þýzku konurnar voru ráðnar í. Mér var sagt að tilhökkunin yfir konu kvennanna hefði verið mikil. En mig langaði að vita, hvort þeir hefðu nokkurn tímann spurt konurnar um fortíð þeirra í Þýskalandi. „Nei“, sögu þeir. „Við spurðum ekki af tilíttissem við konurnar.“

– Hvað gerðir þú feira til að alla efnis í söguna?

„Ég las og las um íslenskt mataræði og íslenska atvinnuhætti fyrr á tíð. Á Íslandi fór ég af einu byggðasafninu á annað og svo var ég plága á frénkum mínum á öllum aldri með eilífu spurningafóði.“

En að vissu leyti var grunnvöllur sögunnar lagður þegar ég var barn, og við fjölskyddan fluttum til Bonn í Þýskalandi 1957. Fátækt og hungur og önnur áhrif stríðsins settu enn mark sitt á þjóðina. Þá kom til starfa hjá okkur yndisleg kona sem hét Frii Reisinger. Hún var hlyg og bakaði gírnar stórar þýzkar Stollenkúkur. Hún var frá bænum Duchau, þar sem einar



ÍSLENSK-INDVERSKA  
VIÐSKIPTARÁÐIÐ

ADALFUNDUR

Aðalfundur Íslensk indverska viðskiptaráðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. maí kl. 12.00 á 9. hæð í Húsi verslunarinnar.

Dagskrá

„Úr reisubók Jóns Indíafara“ – Jón Valgeirson forstöðumaður hraefnaþróunar hjá Activis Group.

Að búa og starfa á Indlandi – Auðunn Atlason sendiráðsmaður hjá utanríkisráðuneytinu.

Hefubúðin aðalfundarstórf.

Fundurinn er opin öllum. Léttur hádegisverður í boði.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Lindu Báru á netfangið linda@fis.is eða í síma 588 8910.